

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 17. október 2023, vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.2 Seljahverfi, vegna lóðarinnar nr. 17 við Öldusel, Ölduselsskóli

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á hverfisskipulagi vegna Breiðholt, hverfi 6.2 Seljahverfi - Öldusel 17, birtist í Morgunblaðinu í dag, þriðjudaginn 17. október 2023. Tillagan er í kynningu frá 17. október 2023 til og með 28. nóvember 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: www.skipulagsgatt.is

Breiðholt, hverfi 6.2 Seljahverfi - Öldusel 17

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. september 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 14. september 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.2 Seljahverfi, vegna lóðarinnar nr. 17 við Öldusel, Ölduselsskóli. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreina byggingarreit á lóð fyrir tímabundnar færanlegar byggingareiningar, hentugar fyrir 10 deilda leikskólustarfsemi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30-16:00 og föstudaga kl. 8:30-14:30 frá **17. október 2023 til og með 28. nóvember 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 28. nóvember 2023**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.